

Við undirritaðir aðilar, gerum um stofnun opinbers hlutafélags svohljóðandi

## STOFNSAMNING

### 1. gr.

Heiti félagsins er „Betri samgöngur“ ohf. Heimilisfang félagsins er í Arnarhvoli við Lindargötu, Reykjavík.

Félagið er stofnað með heimild í 1. gr. laga nr. 81/2020 um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu

### 2. gr.

Tilgangur félagsins er að hrinda í framkvæmd uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. á innviðum almenningssamgangna, í samstarfi við Vegagerðina og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, í samræmi við samkomulag ríkisins og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu frá 26. september 2019 (Samgöngusáttmáli). Félagið hefur yfirumsjón með framkvæmdum vegna uppbyggingar samgangna og fjármögnun þeirra.

Þá skal félagið með sérstökum samningi taka við landi ríkisins að Keldum eða öðru sambærilegu landi og þeim réttindum sem því tengjast og sjá um þróun þess í samvinnu við viðeigandi skipulagsyfirlönd með það að markmiði að hámarka virði landsins og uppbyggingu þess, sbr. 7. gr. laga nr. 81/2020. Félagið skal taka við verðmæti landsins og réttindum því tengdu sem auknu hlutafé að hálfu ríkisins. Afkoma af þróun landsins skal nýtt til fjármögnunar fyrrgreindra framkvæmda og reksturs félagsins.

Hagnaði ef einhver er skal einungis varið til uppbyggingar samgangna á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við markmið Samgöngusáttmálans. Félaginu er ekki ætlað að skila arði og er hluthöfum óheimilt að taka arð út úr félaginu.

Við slit félagsins ganga eignir þess og skuldbindingar til eigenda í samræmi við eðli og gerð samgönguframkvæmda og eignarhluta eigenda. Einstökum mannvirkjum skal ráðstafað til þeirra sem bera ábyrgð á viðkomandi mannvirki samkvæmt gildandi lögum hverju sinni og samkomulagi milli aðila. Aðrar eignir félagsins, ef einhverjar eru, renna til eigenda eða til verkefna sem þeir ákveða að fjármagna.

### 3. gr.

Hlutafé félagsins er kr. 4.000.000 - fjórar milljónir króna - og skiptist í einnar krónu hluti eða margfeldi þar af. Hlutir skulu hljóða á nafn og fylgir eitt atkvæði hverri krónu í hlutafé. Hver hlutur skal vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi þeirra.

**4. gr.**

Stofnendur félagsins eru eftirtaldir og hafa þeir skrifað sig fyrir hlutum með neðangreindum hætti:

Nafn	Kennitala	Nafnverð hlutaf.	Hlutfall %
Ríkissjóður Íslands	540269-6459	3.000.000,-	75%
Reykjavíkurborg	530269-7609	563.390,-	14,085%
Garðabær	570169-6109	72.704,-	1,818%
Hafnarfjarðarkaupstaður	590169-7579	128.817,-	3,220%
Kópavogsbær	700169-3759	162.970,-	4,074%
Mosfellsbær	470269-5969	51.847,-	1,296%
Seltjarnarnesbær	560269-2429	20.272,-	0,507%

Allt hlutafé er að fullu greitt með peningum.

**5. gr.**

Kostnaður við stofnun félagsins greiðist úr félagssjóði. Áætlaður kostnaður við stofnun er kr. 250.000,-.

**6. gr.**

Hluthafa er óheimilt að selja, lána, veðsetja, gefa eða framselja á annan hátt hluti sína í félaginu í heild eða hluta, án skriflegs samþykkis stjórnar félagsins. Hluthöfum er þó heimilt að koma sér saman um innbyrðis breytingu á eignarhlutum félagsins. Ekki er heimilt að framselja hluti félagsins til annarra en stofnfjáreigenda.

**7. gr.**

Stjórn félagsins skal skipuð sex einstaklingum og tveimur til vara og skal val þeirra staðfest á aðalfundi ár hvert. Stofnfundur kýs stjórn og endurskoðanda til fyrsta aðalfundar.

**8. gr.**

Stofnendur gera með sér sérstakt hluthafasamkomulag þar sem nánar er kveðið á um samstarf hluthafa í félaginu, innan marka stofnsamnings þessa.

Stjórn samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu fer með eigendaumboð sveitarfélaganna í félaginu.

**9. gr.**

Drög að samþykktum félagsins er hluti af stofnsamningi þessum.

Öllu framanrituðu til staðfestu rita aðilar nöfn sín í votta viðurvist.

Reykjavík, 2020.

---

---

f.h. íslenska ríkisins

---

---

f.h. Samtaka sveitarfélaga  
á höfuðborgarsvæðinu

---

---

f.h. Reykjavíkurborgar

---

---

f.h. Kópavogsbæjar

---

---

f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

---

---

f.h. Mosfellsbæjar

---

---

f.h. Seltjarnarnesbæjar

---

---

f.h. Garðabæjar